

Alþingi

Erindi nr. P 137/424

DAGSETNING

komudagur 25.6.2009

TILVÍSUN

Reykjavík, 25. júní 2009 02-2009060551

T-ums 30/09

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Þórirur Áki Eggertsson
nefi.darritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 118. mál, þskj. 155.

Ríkisskattstjóri vísar til tölvupósts sem barst 22. júní 2009 þar sem embættinu er veittur kosur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 118. mál, þskj. 155.

Með frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á ýmsum lögum til að bregðast við samdrætti í tekjum ríkissjóðs og auknum útgjöldum. Þá er þar að finna mikilvæg ákvæði fyrir skattfrákvæmdina og heimildir ríkisskattstjóra til að bregðast við skirrist skattaðilar eða þriðji aðili við að veita umbeðnar upplýsingar eða aðgang að nauðsynlegum gögnum. Hér á eftir er að finna þær athugasemdir sem ríkisskattstjóri hefur við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu;

Um I.-IV. kafla

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við I.- IV. kafla frumvarpsins, 1.- 5. gr. Ríkisskattstjóri kannaði framkvæmdahlið málsins og fyrri reynsla gefur ekki tilefni til að telja að nokkur sérstök vandkvæði verði við framkvæmdina. Aðrar hugmyndir svo sem að mnflytjanda verði gert að flokka vörur eftir sykurnihaldi mun óhjákvæmilega verða dýrari í framkvæmd og skapa vandkvæði hjá töllyfirvöldum.

Um V. kafla

6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að aðilar sem ekki bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. eða 2. gr laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, beri hér á landi takmarkaða skattskyldu vegna vaxta sem íslenskir skattaðilar greiða af bankareikningnum, verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum í eigu hinna „erlendu“ aðila. Tillaga þessa efnis hefur áður verið flutt á Alþingi en þáverandi efnahags- og skattanefnd Alþingis felldi ákvæðið burt úr því frumvarpi. Í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að ákvæðið eigi ekki við kveði tvísköttunarsamningur milli Íslands og erlends ríkis á um að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum (svokallað 0% afdráttur). Er þannig gert ráð fyrir að ákvæði tvísköttunarsamnings víki til hliðar skattskylduákvæðinu. Ríkisskattstjóri er þeirrar skoðunar að orða mætti ákvæðið skýrar og leyfir sér að leggja til að um æddur málsliður yrði svohljóðandi:

„Ákvæðið á ekki við kveði tvísköttunarsamningur sem Ísland hefur gert við erlent ríki

á ur að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum.“.

8. gr.

Ríkisskattstjóri telur að rétt sé að fella ákvæði þetta niður úr frumvarpinu, þar sem vera kann að ríkið þarfnist frekari undirbúnings.

9. gr.

Ríkisskattstjóri telur mikla bót að þessu ákvæði sem er líklegt til að efla skattefirlit og gera það mun skilvirkara en sú framkvæmd sem nú er stuðst við. Ákvæðið mun fyrst og fremst nýtast í þágu skattefirlits og yrði ekki beitt í tengslum við almenna álagningu opinberra gjalda. Síðari málsgrein þessarar frumvarpsgreinar varðar þá heimild að unnt sé að endurákvörða skatta þegar fyrir liggur með óbyggjandi hætti að skattstofnar hafa verið vanaldir þótt máli sé síðan jafnframt vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Með því að heirnila skattstjóra og ríkisskattstjóra að ljúka endurákvörðun opinberra gjalda við þau skilyrði að mál telst upplýst, er unnt að koma endurákvörðun opinberra gjalda fram mun fyrr en ella væri. Með þessu ákvæði er í engu raskað starfsháttum skattrannsóknarstjóra ríkisins og ef í ljós kemur að rannsókn hans gefi tilefni til frekari hækkana verður hlutaðeigandi mál þá tekið upp að nýju og sent ríkisskattstjóra til endurákvörðunar svo sem verið hefur.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að leggja til að orðalag 1. málsl. 1. mgr. ákvæðisins verði breytt og ákvæðið hljóði í heild svo:

„Skattaðili sem veitir ekki umbeðnar upplýsingar, veitir villandi eða ófullnægjandi upplýsingar eða tálmar því á annan hátt að skattefirlit skv. 2. mgr. 101. gr. eða 102. gr., og önnur athugun skattstjóra skv. 1. mgr. geti farið fram með skilvirkum hætti, skal þegar af þeirri ástæðu, þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. 1. mgr. þessarar greinar, ef hagsmunir eru ríkir, sæta því að vikið sé til hliðar þeim þáttum sem eru til skoðunar í skattskilum hans að hluta til eða í heild og að skattstofnar hans verði áætlaðir.

Skattstjóra eða ríkisskattstjóra er heimilt, áður en tilkynning til skattrannsóknarstjóra er sænd skv. 8. mgr. þessarar greinar, að ákveða skattstofna að virtum ákvæðum 108. gr. og reikna skatt að nýju þegar með hlutlægum hætti liggur skjalfast fyrir að vantaldir skattstofnar hafi verið leiddir fram á grundvelli gagna og/eða upplýsinga sem aflað hefur verið við framkvæmd skattefirlits.“

10. gr.

Um 10. gr. gilda sömu röksemdir og fram koma varðandi 9. gr. Rétt þykir þó að leggja til lagfæringu á orðalagi í niðurlagi ákvæðisins og það verði svohljóðandi:

„Í skattefirliti felast þær aðgerðir skattstjóra eða ríkisskattstjóra sem framkvæmdar eru með hlutlægum hætti við öflun þeirra gagna og skýringa sem nauðsynlegar teljast í því skyni að sannreyna grundvöll skattframtala og annarra skýrslna sem lagðar hafa verið fram til ákvörðunar skattstofna án þess að fram fari könnun á því hvort saknæmisskilyrði séu uppfyllt.“

Aðrar greinar í V. kafla frumvarpsins kalla ekki á athugasemdir af hálfu ríkisskattstjóra.

Um VI.-XIII. kafla

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við þessa kafla frumvarpsins (11 -27. gr.).

Um XIV. kafla

Í 23. gr. frumvarpsins er lagt til að lög nr. 84/2008 falli brott. Samkvæmt 30. gr. frumvarpsins, sem hefur að geyma gildistökuákvæði er gert ráð fyrir að lög 84/2008 falli brott um leið og frumvarpið hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Af þessu tilefni vekur ríkisskattstjóri athygli á að nauðsynlegt sé að ganga þannig frá hnútunum að ekki komi til neina vandræða vegna þegar ákvarðaðar uppbótar á eftirlaun, þ.e.a.s. að heimild til ákvæðunar hennar við álagningu árið 2009 verði fyrir hendi í lögum.

Um XV. kafla

EKKI er talin ástæða til að gera athugasemdir við XV. kafla frumvarpsins (29. gr.).

Um XVI. kafla

30. gr. frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um gildistöku eins og fram hefur komið. Er í þar gert ráð fyrir því að 6. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skattskyldu vaxtatekna hjá aðilum sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu öðlist þegar gildi og komi til fraríkvæmda vegna vaxta sem gjaldfalla og verða greiðslukræfir frá og með 1. september 2009 eða síðar. Álitamál getur verið hvort að gildistökuákvæði 6., 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins eigi ekki að vera hið sama, þ.e. frá og með 1. september 2009. Verði frumvarpið lögfest eins og það liggur fyrir nú eru vextir sem gjaldfalla og verða greiðslukræfir frá og með 1. september 2009 til og með 31. desember sama ár ekki staðgreiðsluskyldir.

Þá er í 5. mgr. 30. gr. frumvarpsins kveðið á um að 7. gr. öðlist þegar gildi og komi til fraríkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2010 vegna tekna frá og með 1. september 2009. Að mati ríkisskattstjóra á þetta eingöngu við um b-lið 7. gr. Gildistökuákvæði vegna a-liðar 7. gr. frumvarpsins ætti að vera svohljóðandi:

„Ákvæði a-liðar 7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2010.“

Um ákvæði til bráðabirgða

I.

Það er mat ríkisskattstjóra að engin sérstök vandkvæði verði séð á framkvæmd álagningar variðandi sérstakan 8% tekjuskatt á tekjuskattsstofn einstaklinga þótt ákvæðið kveði á um að fraríkvæmdin verði með öðrum hætti en áður var variðandi sambærilegan skatt, þ.e. að um ska tlagningu fari alfarið eftir tekjum einstaklings en ekki samanlagðar tekjur hjóna. Þessi sérstaki tekjuskattur mun þó kalla á uppskiptingu tekna eftir fyrri og síðari árs helmingi 2009 í ska tfram tali ársins 2010 og þannig verður skattframkvæmdin og framtalsgerðin eitthvað flóknari en ella.

Samkvæmt orðanna hljóðan á svokallað frítekjumark fjármagnstekna ekki við að því er variðar leigutekjur heldur skal reikna skatt af 70% leigutekna. Ríkisskattstjóri bendir á að samkvæmt núgildandi lögum falla tekjur úr veiðifélögum undir leigutekjur utan rekstrar hjá þeim einstaklingi sem hefur búrekstur eða annan rekstur á jörð með höndum og verður ekki annað séð en að samkvæmt óbreyttum lögum hvað það variðar skuli skattur reiknast af 70% af þeim fjármagnstekjum.

Það er skoðun ríkisskattstjóra að lokamálsliður 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I þurfi að vera skýrar orðaður hvað variðar framkvæmd skattlagningar á fjármagnstekjum hjóna og

samskattaðs fólks. Núverandi framkvæmd er á þann veg að fjármagnstekjur eru taldar hjá því hjóna sem hærri hefur tekjurnar, óháð því hvoru tekjunnar tilheyrir. Ríkisskattstjóri mælist einnregið til þess að sú aðferð verði óbreytt frá gildandi lögum og horfið verði frá því að skipta álögðum fjármagnstekjuskatti upp á milli hjóna. Þannig myndi skattlagning fjármagnstekna fara fram hjá því hjóna sem hærri hefur tekjur en frítekjumark beggja nýttist eftir atvikum að fullu. Önnur aðferð sem lesa má út úr athugasemdum með frumvarpinu er í raun illframsæmanleg og kallar á margskiptingu skattframtala að þessu leyti.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að leggja til að orðalag í lokamálsl. 2. mgr. frumvarpsákvæðisins verði svohljóðandi:

„Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða skal þrátt fyrir 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. taka tillit til frítekjumarks beggja hjóna, þ.e. tekjur yfir kr. 250.000 hjá hvoru hjóna, við ákvæðið um fjármagnstekjuskattsstofns.“

II.

Innheimta sérstaks tekjuskatts í staðgreiðslu getur leitt til einhverra vanhalda hjá þeim sem starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda, eða hafa einhverjar aukatekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu. Allt mun það þó leiðrættast við álagningu opinberra gjalda.

Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að orðalagi verði breytt á þann veg að skýrara verði af hvaða stofni eigi að reikna hinn sérstaka tekjuskatt. Í ákvæðinu eins og það hljóðar í frumvarpinu nú er talað um 8% tekjuskatt af launum umfram kr. 700.000 á mánuði með tilvísun til 15. gr. staðgreiðslulaga. Í athugasemdum er hnykkt betur á því að átt sé við stofn samkvæmt lögum um staðgreiðslu, þ.e. staðgreiðsluskyld laun. Nú þegar hafa hin ýmsu hugbúnaðarhús haft sarrband við ríkisskattstjóra til að fá nánari útskýringar á þessu viðmiði þannig að hætt er við að einhvers misskilnings gæti. Ríkisskattstjóri leggur til að í ákvæðinu verði skýrt tekið fram að átt sé við stofn til staðgreiðslu, þ.e. að þá sé búið að draga frá þann frádrátt sem heimilaður er og er hér sérstaklega átt við frádrátt vegna skyldubundins iðgjalds í lífeyrissjóði og eftir atvikum iðgjald vegna séreignaspánaðar. Þá er athygli jafnframt vakin á því að með því að miða ekki við heildarlaun umfram tiltekna fjárhæð byrjar greiðsla sérstaks tekjuskatts við misafnt tekjumark allt eftir því hversu mikið greitt er til lífeyrissjóðs. Ákvæðið verði því svohljóðandi:

„Við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða: Frá og með 1. júlí til 31. desember 2009 skal launagreiðandi reikna til viðbótar staðgreiðslu skv. 15. gr. laga þessara sérstakan 8% tekjuskatt af staðgreiðsluskyldum launum umfram kr. 700.000 á mánuði hjá hverjum einstaklingi.“

III.

Ýmis konar vandkvæði eru á því að ákvarða nýtingu frítekjumarks við staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Benda má á að fjármagnstekjur eru margs konar af mörgum bankareikningum í fleiri en einni fjármálastofnun og þá fá hjón og sambýlisfólk slíkar tekjur sameiginlega t.d. af sameiginlegum bankareikningum. Ríkisskattstjóri mælir því eindregið með því að fallið verði frá því að ákvarða frítekjumark í staðgreiðslu, heldur verði það ákvæðið við álagningu opinberra gjalda árið eftir. Ríkisskattstjóri mælir því með að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Við lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða: Frá og með 1. júlí 2009 skal skilaskyldum aðilum skv. 3. gr. skylt að halda eftir 15% skatti af staðgreiðsluskyldum fjármagnstekjum skattskyldra aðila, sbr. 2. gr., sem til falla eftir 1. júlí 2009 af eldri kröfum, sem og kröfum sem stofnað er til eftir það, sbr.


4. og 5. gr. laganna. Af fjármagnstekjum sem falla til fyrir 1. júlí 2009 reiknast 10% fjármagnstekjuskattur. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um frankvæmd þessa ákvæðis.


Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara skal gjalddagi greiðslutímabils frá og með 1. janúar - 30. júní 2009 vera 20. júlí 2009 og eindagi 15 dögum síðar."

IV.-VII.

EKKI ER TILFNI TIL AÐ GERA ATHUGASEMDIR VIÐ ÞESSI ÁKVÆÐI FRUMVARPSINS.

Virðingarfyllst


Elin Alma Arthúrsdóttir


Skúli Egger Þórðarson